

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Ólafsvík



Dags eftirlits	7.10.2014	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Bergþórsson	Staðsetning	277577,592	496940,924

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Ein athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Fyrst var hugað að frárennismálum. Tekið var vatnssýni úr sýnatökubrunni aftan olíuskilju og olíuefni í sýninu mæld með olíuprófi Macherey Nagel. Olía greindist ekki í frárennslinu.

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Bæta þarf skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum. Skrá skal viðhald og þjónustu við olíuskilju.

Allir þrír geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir nr. 355.60.00 og 355.70.00 hafa verið þrýstiprófaðar á síðustu tveimur árum og hefur Umhverfisstofnun samþykkt áframhaldandi notkun þeirra.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Tekið var á loka í frárennslí þróar og reyndist hann standa lokaður eins og áskilið er.

Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Bæta þarf skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum. Skrá skal viðhald og þjónustu við olíuskilju.

Reykjavík, 13.11.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.